

Nd.

671. Frumvarp til laga

um prófessorsembætti dr. Sigurðar Nordals.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Sigfús Sigurhjartarson, Barði Guðmundsson,
Eysteinn Jónsson.

1. gr.

Þegar dr. Sigurður Nordal lætur af prófessorsembætti því, er nú gegnir hann í heimspekideild Háskóla Íslands, skal honum gerður kostur á að hafa áfram á hendi prófessorsembætti í deildinni í íslenskum fræðum með öllum þeim réttindum, er fylgja prófessorsembættum, en undanþeginn skal hann kennsluskyldu og ákvæðum laga um aldurshámark opinberra starfsmanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sigurður Nordal hefur við mikinn orðstír annast kennslu í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands síðan haustið 1918. Er hann nú 58 ára að aldri. Hann má hiklaust telja einhvern merkasta fræðimann og rithöfund íslenskan, sem nú er uppi, og er nafn hans kunnugt víða um lönd. Hann hefur nú með höndum mikil og merkileg ritverk um íslenskar bókmenntir og menningu, og óskar hann að geta helgað ritstörfum krafta sína óskipta. Frv. þetta miðar að því að tryggja honum fullkomið næði til þess.

Þess eru dæmi áður, að Alþingi hafi veitt visindamönnum, sem enn voru í fullu fjöri, en með starfi sínu höfðu unnið þjóðinni gagn og sóma og vænta mátti mikils af, lausn frá embættisstörfum með fullum launum. Svo var um þá náttúrufræðingana Þorvald Thoroddsen og Bjarna Sæmundsson. Var Þorvaldur þá 44 ára, en Bjarni 56. — Samkv. frv. er þó ekki gert ráð fyrir, að Sigurður Nordal sé slitinn úr sambandi við háskólann, heldur verði tengdur honum áfram.

Verði frv. þetta að lögum, er það tilætlun Sigurðar Nordals að flytja erindi um íslensk fræði, bæði í Háskóla Íslands og við erlenda háskóla, eftir því sem tími og ástæður leyfa.